

99

Minn Jesú, kunnugt það er þér

1. Minn Jes - ú, kunn - ugt það er þér hve þrátt sá ó - vin ræðst að mér
 2. Lát hann ei get - a hindr - að mig, ó, Herr - a, frá að lof - a þig,
 3. Ef fell - ir hann mig, fljótt mig reis, ef fjötr - ar hann mig, brátt mig leys,
 4. Ó, lækn - a, Jes - ú, líf mitt allt, ó, lát það verm - ast sem er kalt,

er vill í glöt - un svík - a sál, frá sann - leiks orð - um beygj - a mál,
 lát aldr - ei því fá haml - að hann að heyrt ég get - i sann - leik - ann,
 ef vill - ir hann mig, blítt mér bend, ef blind - ar hann mig, ljós mér send,
 það vökv - a fá sem visn - a fer, það verð - a hreint sem flekk - að er,

frá verk - i rétt - u heft - a hönd og hnepp - a líf í synd - a - bönd.
 lát hann ei blekkj - a sál - ar - sjón og svik hans önd ei bú - a tjón.
 ef skelf - ir hann mig, legg mér lið, ef lokk - ar hann mig, þú mig styð.
 það auðg - ast sem er aumt og snauzt, það end - ur - lifn - a sem er dautt.